

Nd.

645. Nefndarálit

[36. mál]

um frv. til l. um sérstakt tímabundið innflutningsgjald á sælgæti og kex.

Frá minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Á s. l. hausti hélt ríkisstjórnin því fram, að réttlætanlegt væri að gefa út bráðabirgðalög og leggja sérstakt vörugjald á innflutt sælgæti og kex vegna samdráttar í innlendri framleiðslu, og á það bent, að til stöðvunar atvinnurekstrar í þeim iðngreinum gæti annars komið.

Þegar til þings kom hafði ríkisstjórnin með öllu gleymt forsendum bráðabirgðalaganna, og til þess að afla ríkissjóði aukinna tekna var hækkað vörugjald á sælgæti, gosdrykkjum og öli.

Það er því ljóst, að bráðabirgðalögin voru sett til tekjuöflunar fyrir ríkissjóð, en ekki af umhyggju fyrir sælgætisiðnaðinum.

Hér er um að ræða framhald skattastefnu núv. ríkisstjórnar í framhaldi af skattastefnu vinstri ríkisstjórnarinnar 1978—79, sem við erum andvígir.

Alþingi, 13. apríl 1981.

Matthías Á. Mathiesen,
frsm.

Albert Guðmundsson.

Matthías Bjarnason.